

Mál nr. 81/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðar (A).****Maður féll af palli vörubifreiðar og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.3.2017, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 20.3.2017.

Málsatvik.

Að morgni 1. október 2015 vann M ásamt samstarfsmanni við að draga rafmagnslínuvír inn á tromlu á sérstöku spili sem staðsett var uppi á palli A. M mun hafa verið uppi á pallinum. Spilið var laust á pallinum og þegar vírinn af einhverjum ástæðum festist kom slinkur á spilið með þeim afleiðingum að það slóst í M sem við það féll niður af pallinum og slasaðist.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið er atvikum nánar lýst svo: „Pallbíll með ásettum hleðslukrana stóð á vegslóða og sneri afturendi hans í átt að rafmangsvírum sem var verið að draga/spila inn. Á palli bílsins var glussadrifið spil með stórru tromlu sem togaði vírinn til sín og vafði upp á tromluna. Spilið var tengt við glussakerfi bílsins/kranans og því stjórnað með fjarstýringu kranans. Spilið hafði ekki verið fest á pallinn og því togaðist spilið af pallinum undan eigin krafti, þegar vírinn festist einhvers staðar á leiðinni.“

M kveður A hafa verið í notkun umrætt sinn í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hefur hann krafist bóta úr lögmaeltri ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

A var kyrrstæð þegar slysið varð, en spilið hafði verið tengt glussakerfi A til að knýja það áfram. Í dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að kyrrstæð vörubifreið teljist vera í notkun þegar unnið er við lestun eða losun hennar og búnaður sem tengist slíku verki er tengdur eða knúinn af aflvél bifreiðarinnar, sbr. t.d. Hrd. 1962 bls. 907, Hrd. 1997 bls. 1071 og Hrd. 21. september 2001 í máli nr. 77/2001. Ef bifreiðin telst ekki hafa verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið þegar slysið varð kann niðurstaðan að verða önnur, sbr. t.d. Hrd. 1998 bls. 3378.

Í máli því sem hér er til úrlausnar liggur ekkert fyrir um að það hafi verið liður í lestun A þótt spilið hafi verið staðsett uppi á pallinum þegar unnið var við að draga vírinn inn á tromluna. Er því ósannað að A hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið þegar M slasaðist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu vörubifreiðarinnar A hjá V..

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.